

Nr. 203

25. febrúar 2020

AUGLÝSING um nýtt deiliskipulag í Borgarbyggð.

Iðunnarstaðir í Lundarreykjadal.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti samhljóða nýtt deiliskipulag fyrir Iðunnarstaði í Lundarreykjadal, tillagan var dagsett 12. desember 2018. Markmið skipulagsins er að skapa ramma utan um heildstæðan og vistvænan hótelrekstur. Haft er að leiðarljósi við hönnun svæðisins að mannvirki falli sem best að umhverfi. Stefnt er að því að byggja hótelíð úr steypueiningum, gert er ráð fyrir þremur nýjum samtengdum byggingum, tveimur gistiálmum og byggingu sem hýsir veitingaaðstöðu. Skipulagsáætlun gerir ráð fyrir 2,6 ha tjaldsvæði. Sameiginleg aðkoma verður að tjaldsvæðinu og hótelinu. Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir húsbíla ásamt salernishúsi, köldu vatni og rafmagni fyrir tjaldvagna og húsbíla. Engar athugasemdir bárust sveitarfélaginu á auglýsinga- og athugasemdatímabili. Málsmeðferð var samkvæmt 41. gr. skipulagslag nr. 123/2010.

Borgarnesi, 25. febrúar 2020.

Lilja Björg Ágústsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 11. mars 2020